

Alþingi
Erindi nr. P 140/2569
komudagur 21.5.2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Þórshöfn 21. maí 2012

Efni:

Umsögn sveitarstjórnar Langanesbyggðar um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (sparisjóðir), 762. mál.

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, d ags. 15. maí 2012, þar sem óskað er eftir umsögn Langanesbyggðar um ofangreint þingmál.

Aimenn um frumvarpið

Sveitarstjórn Langanesbyggðar skorar á stjórnvöld að tryggja rekstrargrundvöll sparisjóða á landsbyggðinni, þar sem fyrir hendi er þekking og skilningur á grunnstoðum byggðanna og horfa þannig til langtímahagsmuna samfélagsins en ekki skammtímagróða.

Um Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis

Í nýlegri skýrslu stjórnar Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis kemur fram að samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2011 nam tap af rekstri sjóðsins 62,3 milljónum kr. Er þá talið gengistap sjóðsins uppá tæpar 27 milljónir og 33,4 milljóna kr framlag í afskriftasjóð útlána á árinu. Bókfært eigið fé sjóðsins í árslok nam 285,5 millj.kr, þar af er stofnfé að upphæð 257,2 milljónir kr. Almennt er gerð krafa um 8% eiginfjárlutfall hjá fjármálastofnunum en í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar hefur Fjármálaeftirlitið gert kröfu um að eiginfjárlutfall fari ekki niður fyrir 16%. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins er sterkt og var í árslok 16,4%.

Jafnhliða úrlausn skuldamála hefur verið unnið að hagræðingu í rekstri sjóðsins. Má þar nefna að rekstur á Raufarhöfn var einfaldaður þar sem sparisjóðurinn tekur nú þátt í rekstri á fjölkjarna þjónustumiðstöð á staðnum í stað þess að reka sjálfstætt útibú. Stöðugildum í sparisjóðnum hefur fækkað um 4 milli ára. Í árslok eru 10 starfsmenn hjá sjóðnum í 8,4 stöðugildum.

Þó svo að staða sparisjóðsins sé eiginfjárllega sterk, ráðist hafi verið í miklar hagræðingaraðgerðir og líkur á að hægt sé að halda sjóðnum gangandi einum, vegur þó mjög þungt að vegna smæðar á hann erfitt með að þjóna sínu nærsamfélagi til fulls nema minni lántakendum. Eiginfjárgrunnur sjóðsins þyrfti að vera til muna stærri til að hægt væri að þjónusta meðalstór fyrirtæki, þar sem lánveitingar til einstakra aðila geta ekki farið yfir ákveð hlutfall eiginfjár vegna eðlilegrar áhættudreifingar og takmarkana skv. reglum sjóðsins. Þá eiga sjóðir af þessari stærð erfitt með að keppa um vaxtakjör, í harðnandi samkeppni, vegna of hás fasts kostnaðar við reksturinn, m.a. auknar álögur stjórnvalda.

Athugasemdir við einstak greinar frumvarpsins:

– **4. gr – Rekstrarform**

Í greininni er fjallað um rekstrarform sparisjóða.

Það er mat sveitarstjórnar Langanesbyggðar að halda beri sjálfeignastofnunarformi sparisjóða, þar eð það hentar það betur starfsheimildum sparisjóða, þ.e .einfaldri fjármálastarfsemi (innlán-útlán).

– **4. gr. – Ráðstöfun hagnaðar**

Greinin kveðum á um árlega ráðstöfun hagnaðar (að lágmarki 5% fyrir skatta) til samfélagslegra verkefna.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar telur þetta ákvæði mjög mikilvægt fyrir smærri byggðarlög. Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra veitt heimild til að skilgreina nánar hvaða verkefni teljast til samfélagslegra verkefna en sveitarstjórn Langanesbyggðar telur að skilgreina þurfi hugtakið „samfélagsleg verkefni“ með skýrari hætti í frumvarpinu.

Áhrif á Langanesbyggð

Sveitarstjórn Langanesbyggðar krefst þess að ríkisvaldið leiti allra leiða til að tryggja tilvist stofnunar á borð við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis. Það er litlum byggðarlögum á borð við Þórshöfn og Bakkafjörð gríðarlega mikilvægt að hafa á sínu svæði fjármálastofnun þar sem fyrir hendi er skilningur á nærsamfélaginu, þörfum þess og aðstæðum. Nægir í þessu samhengi að benda að ekki hefði verið hægt að ráðast í byggingu 6 nýrra íbúða á Þórshöfn nýverið ef ekki hefði verið fyrir aðkomu Sparisjóðs Þórshafnar, enda vildi engin önnur fjármálastofnun á landinu koma að verkefninu. Þá hafa fjölmargir íbúar sveitarfélagsins á undanförunum árum ráðist í viðhald á húsnæði sínu en oftast en ekki komið að lokuðum dyrum hjá fjármálastofnunum þessa lands þegar leitað er eftir fjármögnun, nema hjá sparisjóðnum sem hefur verið fús til að veita lánaþyrngreiðslur til slíkra endurbóta.

Ljóst er að litlir sparisjóðir á borð við Sparisjóð Þórshafnar á erfitt með að starfa áfram sem sjálfstæð rekstrareining, þrátt fyrir sterka eiginfjárstöðu. Vegna smæðar sinnar á sjóðurinn erfitt með að þjóna sínu nærsamfélagi til fulls. Því verður að koma til samruni þeirra sparisjóða sem eftir eru og mun sú vinna þegar hafin.

Til að tryggja rekstrargrundvöll sparisjóðanna verða stjórnvöld að létta af þeim álögum (sköttum og gjöldum) sem nú eru að sliga smærri sjóði. Aukaálögur sem lagðar hafa verið á fjármálaþyrngtæki eftir hið svokallaða efnahagshrun, t.d. tryggingasjóður innistæðueigenda, bankaskattur, nýji fjársýsluskatturinn, hafa hreinsað út hagræðingar og uppsagnir sem Sparisjóður Þórshafnar fór í á síðasta ári og íþyngt rekstri hans verulega. Sveitarstjórn Langanesbyggðar vill því beina þeim tilmælum til stjórnvalda að leita leiða til að létta álögum á sparisjóði með einfalda fjármálastarfsemi.

Einnig hefur verið nefnt að sparisjóðir á landsbyggðinni gætu sinnt hlutverki Byggðastofnunar í héraði, með því að vera n.k. útlánadeild innan Byggðastofnunar. Þetta myndi styrkja rekstargrundvöll sparisjóðanna og bæta þjónustu við byggðarkjarna á landsbyggðinni. Hætt er við að Byggðastofnun á Sauðárkróki líti á Norðausturland sem einsleitan markað en þeir sem búa hér og starfa, vita að þarfir byggðanna eru ólíkar. Nægir þar að nefna nágrannabyggðarlögin Þórshöfn og Raufarhöfn, þar sem atvinnulíf og grunnstoðir samfélagsins eru með ólíkum hætti.

Lokaorð

Það er eðlilegt nú að spurt sé hvort þörf sé fyrir sparisjóðina í íslensku samfélagi og hvort hin upprunalega sparisjóðahugsun með hófsama ávöxtunarkröfu á eigin fé með hagsmuni nærsamfélagsins í huga eigi rétt á sér.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar svarar báðum þessum spurningum játandi.


Ef sparisjóðirnir féllu nú eða hyrfu af markaði myndi það undirstrika þá stöðu að fákeppni er á markaðnum og mjög ólíklegt mætti teljast að ný fjármálastofnun gæti orðið til þar sem

aðgangshindranir inn á markaðinn yrðu þeim ofviða. Óvíst er einnig í slíkri fákeppni hvort fjármáistofnanir sæju sér hag í að þjónusta dreifðustu byggðirnar á sama hátt og sparisjóðirnir hafa gert.

Það er einnig ljóst að grunnhugmyndafræði sparisjóðanna á í vök að verjast þar sem erfitt reynist að fá nýtt fjármagn til þeirra og fjárfestar kalia á breytingar á lagaumhverfi sjóðanna til að með lögmætum hætti megi greiða frá þeim hærri arð til eigenda en nú er. Krafa er þar um arðgreiðlur til jafns við það sem gerist í hefðbundnum hlutafélögum. Hér þarf að finna málamiðlanir svo ekki fari illa.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. sveitarstjórnar Langanesbyggðar

A handwritten signature in black ink, reading "Helgi Mar Árnason". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Helgi Mar Árnason, skrifstofustjóri